

Mál nr. 262/2008
M og
Vátryggingafélagið V v. innbrots.

Innbrot í skemmu í Sandgerði þ.7.9.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.11.2008. ásamt fylgiskjöllum 1-7.
2. Bréf V dags. 22.12.2008 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Tilkynnt var um innbrot til lögreglu þ.7.9.2006 í skemmu í Sandgerði. Í lögregluskýrslu segir að búið hafi verið að sparka upp hurð en innandyrar hafi verið ýmislegt dót. Þá segir í skýrslunni að bílskúrshurð hafi verið opin og ekki unnt að loka henni. M krefst bóta úr tryggingu sinni hjá V vegna þess að ýmsu lausafé hafi verið stolið. V hafnar bótaskyldu og segir að umrætt húsnæði hafi ekki verið læst og vísar í vátryggingaskilmála hvað það varðar þar sem segir að tryggingin taki ekki til þjófnaðar eða skemmda á lausafé sem geymt er í opnum skemmum eða skýlum sbr 6. gr skilmálanna.

Álit.

Af þeim gögnum sem liggja frammi í málinu að dæma sérstaklega ljósmyndum af umræddu húsi verður ekki séð að því hafi verið lokað með fullnægjandi hætti. M á því ekki rétt á bótum úr tryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr tryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 27.1. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.